

# Baksvið þingkosninga í Svíþjóð

## 11. september 2022

### Úttekt

Að morgni 11. september næstkomandi hefst kjörfundur á um 6.000 kjörstöðum í Svíþjóð. Þar munu kjósendur velja 349 fulltrúa til starfa á löggjafarþinginu, **Riksdagen**, og einnig verða kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnir og á bóradsping. Í þessari úttekt er einungis fjallað um kosningar til löggjafarþingsins. Kosningakerfinu er lýst í meginráttum, sögð deili á þeim flokkum sem líklegt er að fái fulltrúa á þinginu, skipan þeirra í fylkingar og togstreitunni milli þeirra. Enn fremur er vikið að vísbendingum skoðanakannana um gengi sænskra stjórnálagbreyfinga í komandi kosningum og drepið á helstu kosningamál.

### Kjósendur og kjörsókn

Svíar öðlast kosningarrétt við 18 ára aldur og hefur það aldursviðmið gilt frá árinu 1975. Miðað er við afmælisdag þannig að allir Svíar sem orðnir eru eða verða 18 ára á kjördegi og búa í Svíþjóð eða hafa einhvern tíma gert það hafa kosningarrétt í þingkosningum.

Samkvæmt tölum sænsku hagstofunnar verða um 7,5 milljónir Svía á kjörskrá í þingkosningunum haustið 2022 og eru það um 180.000 manns fleiri en höfðu atkvæðisrétt í síðustu kosningum árið 2018. Ríflega ein milljón kosningarréttarhafa, rúm 13%, er eldri en 75 ára.

Kjósendur sem hafa öðlast kosningarrétt frá því í kosningunum 2018 eru hins vegar um 430.000 eða um 5,7% allra kjósenda og eru þeir um 40.000 fleiri en í síðustu kosningum. Stærstur hluti nýrra kosningarréttarhafa er ungt fólk sem borið er og barnfætt í Svíþjóð en í þessum hópi er einnig fólk af erlendum uppruna sem hefur öðlast ríkisfang og kosningarrétt í landinu.

Konur eru ívið fleiri í kjósendahópnum en karlar eða 50,4% á móti 49,6%. Nokkur munur er á kynjahlutfalli eftir aldurshópum. Í yngri aldurshópum eru karlar eilítið fleiri en í þeim elstu hafa konurnar vinninginn og þegar komið er yfir 80 ára aldur er munurinn ótvíræður.<sup>1</sup>

Eins og fram kemur í töflunni hér á eftir var kjörsókn í síðustu þingkosningum í Svíþjóð 87,2% sem setur landið í fjórða efsta sæti meðal Evrópulanda hvað varðar kjörsókn í síðustu þingkosningum sem haldnar voru.<sup>2</sup> Ísland er í 7. sæti með 80,1% kjörsókn í alþingiskosningunum 2021. Hafa sænskir kjósendur sótt í sig veðrið hvað kjörsókn áhrærir frá því laust eftir aldamótin er hún fór niður undir 80% og var þó engu að síður mikil í alþjóðlegu samhengi.

#### Kjörsókn í þingkosningum í Svíþjóð 1982–2018

1982	1985	1988	1991	1994	1998	2002	2006	2010	2014	2018
91,4%	89,9%	86,0%	86,7%	86,8%	81,4%	80,1%	82,0%	84,6%	85,8%	87,2%

Heimild: [Statistikdatabasen](#). Valdeltagande i riksdagsval, procent efter valår.

### Kosningakerfið og framkvæmd kosninga

Kosningakerfi Svíþjóðar einkennist m.a. af almennum og jöfnum kosningarrétti sem kosningarréttarhöfum gefst færi á að beita með reglulegu millibili í frjálsum og leynilegum kosningum

<sup>1</sup> Fler äldre i 2022 års val.

<sup>2</sup> IDEA. Europe. Voter Turnout by Country, 7. apríl 2022.

þar sem fulltrúar almennings eru valdir til setu á löggjafarþinginu. Hlutfallskosning hefur verið viðhöfð frá 1909 þegar einmenningskjördæmi með meirihlutakjöri voru aflögð.

### *Kjördagur og kjörtímabil*

Samkvæmt sænskum kosningalögum fara reglulegar þingkosningar í Svíþjóð fram annan sunnudag í september. Þá velja sænskir kjósendur einnig fulltrúa í sveitarstjórnir og til starfa á héraðsþingum. Kjörtímabilið er fjögur ár nú þannig að kosningar fara að jafnaði fram á fjögurra ára fresti. Á árabílinu 1970 til 1994 var kjörtímabil sænskra þingmanna þrjú ár. Afar fátítt er að þingkosningar fari fram áður en kjörtímabilið er úti og hefur það ekki gerst síðan sænska þingið varð að einni málstofu árið 1971. Stefan Löfven, þáverandi forsætisráðherra, boðaði þó til kosninga í desemberbyrjun 2014, þegar nýtt kjörtímabil var rétt að hefjast og stjórnarkreppa ríkti, en ekki varð af því að þær kosningar yrðu haldnar.

Aukakosningar á milli reglulegra þingkosninga myndu ekki breyta lengd kjörtímabils. Það umboð sem þingmenn fengju í slíkum kosningum myndi einungis vara fram að næstu reglulegu kosningum.

### *Þingmenn og kjördæmi*

Kosið er um 349 þingsæti á löggjafarþingi Svía í 29 kjördæmum sem hvert og eitt skiptist í mismunandi margar kjördeildir eftir staðháttum og fjölda kjósenda. Eru kjördeildir í Svíþjóð um 6.000. Kjördæmasæti eru 310 og jöfnunarsæti 39. Fjöldi kjördæmasæta í hverju kjördæmi ræðst af fjölda kjósenda og er endurskoðaður með tilliti til fólksfjöldabreytinga fyrir hverjar kosningar. Er þá miðað við fólksfjölda 1. mars á kosningarári.

Fólksfjöldi, og þar með fjöldi kjörinna fulltrúa, er afar mismunandi milli kjördæma.

Stokkhólmkjördæmi er fjölmennast og fær 40 kjördæmasæti við komandi kosningar en fámennast er Gotland sem fær tvö kjördæmasæti. Við ákvörðun á fjölda kjördæmasæta vorið 2022 fjölgaði þingsætum í Stokkhólmi og Uppsölum um eitt í hvoru kjördæmi en fækkaði sem því nam í Vesturbotni og í Vestur-Gautlöndum. Eins og annars staðar í Evrópu hefur byggðapróun í Svíþjóð á undanförunum áratugum orðið með þeim hætti að fólki fækkar í dreifðum byggðum en fjölgar í stærstu þéttbýliskjörnum. Þetta hefur orðið til þess að eitt þingsæti hefur færst til Stokkhólmkjördæmis við hverjar þingkosningar frá 1991.

Fyrir liggur að 74 þingmenn, um 21% þingheims, sækjast ekki eftir endurkjöri. Hvernig sem kosningarnar fara verður því talsverð endurnýjun á sænska löggjafarþinginu í haust.

### *Blanda listakosninga og persónukjörs*

Kosningakerfið gerir ráð fyrir framboðum stjórn málaflókka og stjórn málasamtaka og er í meginatriðum sniðið að listakosningu. Kjósendur geta þó einnig greitt einum frambjóðanda á þeim framboðslista sem þeir kjósa atkvæði sitt og þannig haft áhrif á það hvar sá frambjóðandi verður í röðinni. Þessari tilhögum var fyrst komið á í þingkosningum 1994.

### *Úthlutun þingsæta – þingþröskuldur*

Úthlutun þingsæta að loknum kosningum miðast við að kjörfylgi stjórn málaflökkanna komi sem nákvæmast fram í þingstyrk þeirra. Þó eiga einungis þeir stjórn málaflökkar sem fengu a.m.k. 4% fylgi á landsvísu eða 12% atkvæða í einhverju hinna 29 kjördæma þess kost að fá sæti á þinginu.

Úthlutun þingsæta að afloknum kosningum fer fram í tveimur skrefum. Fyrst er kjördæmasætum úthlutað á grundvelli atkvæða í hverju kjördæmi og er beitt við það afbrigði af Sainte-Laguë-deilireglu sem er þannig að fyrsta deilitalan er 1,2 þá 3, síðan 5 og svo framvegis. Eftir fyrstu deilitölu er ný deilitala fundin með því að bæta einum við tvöfaldan þingsætafjölda sem framboð hefur þegar hlotið.

Að lokinni úthlutun kjördæmasæta hefst úthlutun jöfnunarþingsæta sem einnig eru reiknuð út samkvæmt deilireglunni sem lýst er hér að framan en atkvæði á landsvísu liggja til grundvallar úthlutuninni.

Aðferðin sem beitt er við úthlutun þingsæta í Svíþjóð er óhagstæð fylgislitlum framboðum og 4% þröskuldurinn stuðlar einnig að því að útiloka framboð sem njóta lítils fylgis. Mikið samræmi er hins vegar milli kjörfylgis þeirra flokka sem fá kjörna fulltrúa á löggjafarþingið og styrks þeirra þar.

#### *Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar*

Sænskir kjósendur sem búsettir eru utan Svíþjóðar geta greitt atkvæði í þingkosningum með því að senda atkvæðaseðla í pósti eða greiða atkvæði í sendiráði eða hjá ræðismanni. Atkvæðaseðlar eru tiltækir hjá þessum aðilum og kosningastofnun Svíþjóðar, [Valmyndigheten](#), frá júníbyrjun á kosningarári. Ekki má póstleggja utankjörfundaratkvæði erlendis fyrr en 28. júlí og kjörseðillinn er ekki gildur nema hann sé póstlagður erlendis.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í sendiráðum og hjá ræðismönnum hefst 18. ágúst og henni lýkur daginn fyrir kjördag.

Sænskir ríkisborgarar sem einhvern tíma voru búsettir í Svíþjóð hafa kosningarrétt en ekki sænskir ríkisborgarar sem aldrei hafa búið í landinu.<sup>3</sup> Ef liðin eru 10 ár eða meira frá því að kjósandinn bjó í Svíþjóð þarf viðkomandi að tilkynna sig á kjörskrá.

Í þingkosningunum 2018 greiddu tæp 90.000 manns atkvæði bréflaga, í sendiráði eða á ræðismannsskrifstofu.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar nýtur vinsælda meðal sænskra kjósenda sem marka má af því að í þingkosningunum 2018 greiddu tæp 44,2% þeirra sem kusu atkvæði utan kjörfundar. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í komandi þingkosningum hefst 24. ágúst 2022, 18 dögum fyrir kjördag.

#### *Atkvæðagreiðsla á kjörfundi*

Svíum standa til boða þrjár kjörseðlar á kjörstöðum í haust og eru þeir ólíkir að lit. Hvíta kjörseðla ber að nota við sveitarstjórnarkosningarnar, bláa við kjör til héraðsþinga og gulir kjörseðlar eiga við þegar kjósa á fulltrúa á löggjafarþingið.

Þrjár tegundir kjörseðla eru í boði við þingkosningar. Einn er alveg auður og getur kjósandinn ritað á hann nafn þess flokks sem hann kys og einnig nafn eins frambjóðanda sem hann vill veita brautargengi. Á öðrum er einungis heiti flokksins og notar kjósandi hann ætli hann sér að greiða þeim flokki atkvæði og á hinum þriðja er bæði nafn flokks og frambjóðenda. Getur kjósandi merkt við þann frambjóðanda sem hann kys helst að nái kjöri. Persónukjör hefur ekki áhrif nema 5% kjósenda hafi valið sama frambjóðandann. Útstrikanir tíðkast hins vegar ekki og hefur það engin áhrif þótt kjósandi beiti þeirri aðferð.

Kjörkort eru gefin út í Svíþjóð með ýmsum upplýsingum til kjósenda, m.a. um kjörstaði og hvenær þeir eru opnir. Kosning fer þannig fram að kjósendur taka sjálfir kjörseðla á kjörstað og greiða atkvæði í einrúmi með því að rita nafn eða flokksheiti á auðan kjörseðil eða merkja við val sitt á prentuðum seðli. Kjósandi setur atkvæðaseðil síðan í umslag, lokar því, og afhendir það starfsmanni kjörstjórnar sem leggur það í kjörkassa eftir að hafa kannað deili á kjósandanum.

#### *Atkvæðatalning*

Jafnskjótt og kjörstöðum hefur verið lokað taka kjörstjórnir í hverri kjördeild til við að telja atkvæði sem þar voru greidd og utankjörfundaratkvæði önnur en þau sem greidd voru á kjördegi. Úrslit úr talningu kjörstjórna eru jafnan birt í fjölmiðlum en með fyrirvara um breytingar í seinni talningu sem fer fram á vegum lénsstjórna. Þar er skorið úr um vafaatkvæði og farið ofan í saumana á fyrri talningu og utankjörfundaratkvæði sem greidd voru á kjördegi eru talin í þessari yfirferð ásamt síðustu atkvæðum sem bárust að utan. Þessi atkvæði eru gjarnan kölluð „miðvikudagsatkvæði“ (s. *onsdagsröster*) þar sem talning

---

<sup>3</sup> <https://www.val.se/servicelankar/press/nyheter/nyheter/2022-04-04-fortidsrosta-fran-utlandet-vid-arets-val.html>

lénstjórna hefst yfirleitt ekki fyrr en á miðvikudegi eftir kjördag. Í undanförunum þremur kosningum hafa þau verið rétt rúm 3% greiddra atkvæða. Ef mjótt er á munum geta „miðvikudagsatkvæðin“ ráðið úrslitum um það hvort við tekur hægri eða vinstri stjórn og pólitísk afdrif einstakra frambjóðenda geta oltið á þeim. Atkvæðatalning lénstjórna tekur jafnan nokkurn tíma og liggja því endanleg úrslit þingkosninga ekki fyrir fyrr en nokkrum dögum eftir að kosningar fóru fram.

Unnt er að kæra framkvæmd kosninga og talningar til sérstakrar úrskurðarnefndar. Niðurstöðu hennar verður ekki áfrýjað.

## Flokkar og fylkingar

Það hefur lengi einkennt sænsk stjórnsmál og flokkaskipan að stjórnsmálaflokkar í landinu hafa skipst í tvær fylkingar, hægri og vinstri, sem einnig eru nefndar borgaralega fylkingin og sósíalíska fylkingin. Afstaða til efnahags- og félagsmála, fjármagns og vinnumarkaðar hefur ráðið mestu um þennan flokkadrátt og í seinni tíð hafa innflytjenda- og löggæslumálefni auk umhverfis- og loftslagsmála vegið þungt þegar stjórnsmálaöfl marka stefnu sína. Með tilkomu Svíþjóðardemókrata (s. *Sverigedemokraterna*) bættist þriðja fylkingin við sem samanstendur einungis af þessum flokki sem talinn er til hægri flokka og oft kallaður popúlískur.

Sænska flokkakerfið tók lengi vel litlum breytingum frá því að það mótaðist á fyrstu áratugum 20. aldar. Þegar frambjóðendur úr Umhverfislöngum (s. *Miljöpartiet*), sem var stofnaður árið 1981, náðu kjöri á sænska þingið árið 1988 var það í fyrsta skipti í 67 ár sem nýjum flokki sem ekki átti rætur í öðrum eldri tókst að ná þeim árangri. Í þingkosningum 1991 bar svo óvenjulega við að nýstofnaður hægriflokkur sem bar heitið Nýtt lýðræði (s. *Ny demokrati*) fékk 6,7% atkvæða og 25 þingsæti. Í næstu kosningum árið 1994 hlaut flokkurinn aðeins 1,4% atkvæða og var úr sögunni sem stjórnsmálaöfl. Svíþjóðardemókratar eru eina nýja stjórnsmálahreyfingin sem hefur tekist að ná sætum á sænska þinginu frá 1991 en flokkurinn fékk sína fyrstu þingmenn í kosningunum 2010 og var það áratugum síðar en sambærilegir flokkar í Danmörku og Noregi náðu þeim áfanga.

Meðan tvískiptingin í sósíalíska og borgaralega fylkingu var hvað eindregnust mátti segja að sænska flokkakerfið minnti á tveggja flokka kerfi með skýrum valkosti fyrir kjósendur um hægri eða vinstri stefnu. Hægri flokkarnir skerptu á þessu með því að gera með sér bandalag, Svíþjóðarbandalagið (s. *Allians för Sverige*) árið 2004 sem stuðlaði að kosningasigrum hægri fylkingarinnar árin 2006 og 2010. Með tilkomu flokka sem hafa umhverfis- og loftslagsmál ofarlega á verkefnalista sínum, en hneigjast ýmist til vinstri- eða hægri stefnu í efnahags- og félagsmálum, er nú orðið gjarnan talað um rauðgræna og blágræna fylkingu þar sem vinstri flokkar og umhverfismálaflokkar sem hallast að vinstripólitík skipa rauðgræna fylkinguna en hægri flokkar og umhverfismálaflokkar á hægri vængnum þá blágræna. Allir flokkar sem fengu fulltrúa á löggjafarþingið í síðustu kosningum falla í aðra hvora stóru fylkinguna nema Svíþjóðardemókratar sem hafa – nauðugir viljugir – myndað sérstaka fylkingu á sænska löggjafarþinginu og hafa aðrir flokkar ekki ljáð máls á samstarfi við þá til þessa en samstaða um þá afstöðu virðist vera á undanhaldi.

Skipting stærstu stjórnsmálaflokka Svíþjóðar í fylkingar og þingstyrkur eftir kosningarnar 2018

Borgaralegir flokkar	Vinstri flokkar	Þriðja fylkingin
<i>Centerpartiet</i>	<i>Socialdemokraterna</i>	<i>Sverigedemokraterna</i>
8,61% – 31 þingsæti	28,26% 100 þingsæti	17,53% – 62 þingsæti
<i>Kristdemokraterna</i>	<i>Vänsterpartiet</i>	
6,32% – 22 þingsæti	8,00% – 28 þingsæti	
<i>Liberalerna</i>	<i>Miljöpartiet de gröna</i>	
5,49% – 20 þingsæti	4,41% – 16 þingsæti	
<i>Moderaterna</i>		
19,84% – 70 þingsæti		

Sumir fræðimenn telja heppilegra að nota svonefnt GAL-TAN-líkan til að lýsa innbyrðis afstöðu sænskra stjórnsmálaflokka, eins og hún er nú orðin, en hina hefðbundnu skiptingu í fylkingar til hægri og vinstri. Heiti líkansins er sótt til skammstafana á enskum stjórnsmálhugtökum; *green-alternative-libertarian*, og *traditionalist-authoritarian-nationalist* og mynda þessi hugtök ás þar sem flokkar sem halda fram frjálslyndi, umhverfismálum, femínisma o.fl. eru öðrum megin en hinum megin flokkar sem leggja áherslu á hefðbundin gildi, valdboðsstjórnarhætti, þjóðerni og þjóðmenningu. Geta þessi einkenni bæði tilheyrt gömlum og nýjum flokkum en oft velja þó nýir flokkar sér eitt eða fá áherslumálefni til að marka sérstöðu sína en gamalgörnir flokkar leitast fremur við að starfa á breiðum grundvelli.

Úrslit þingkosninganna 2018 urðu þannig að hvorug meginfylkingin í sænskum stjórnsmálum fékk meirihluta á löggjafarþinginu og Svíþjóðardemókratar bættu stöðu sína. Við þessar aðstæður riðluðust fylkingar flokkanna nokkuð þegar samkomulag tókst í janúar 2019 með Sósíaldemókrötum, Umhverfislögreglum, Miðflokknum og Frjálslyndisflokknum um skilyrtan stuðning við minnihlutastjórn Sósíaldemókrataflokksins og Umhverfislögreglsins en þetta töldu hægri- og miðjuflokkarnir tveir vænlegri kost en hægri stjórn með stuðningi Svíþjóðardemókrata.

Í kosningunum haustið 2018 fengu eftirtaldir stjórnsmálaflokkar fulltrúa á sænska löggjafarþinginu og ekki er búist við því að öðrum flokkum sem í framboði eru takist að ná þingsætum í komandi kosningum.

#### CENTERPARTIET



**Centerpartiet**

**Centerpartiet** eða Miðflokkurinn hlaut 8,61% atkvæða og 31 þingmann í þingkosningunum 2018 og sótti fylgi sitt einkum til dreifbýlissvæða. Formaður flokksins, **Annie Lööf**, hefur gegnt þeirri stöðu frá 2011.

Flokkurinn var stofnaður árið 1958 í núverandi mynd og standa rætur hans í eldri stjórnsmálhreyfingum bænda og búaliðs. Trúr þessum uppruna sínum vill flokkurinn stuðla að matvælaframleiðslu í Svíþjóð og efla matvælaöryggi og umhverfismál eru fyrirferðarmikil á stefnuskrá hans. Flokkurinn aðhyllist markaðsskipulagið og styður athafnafrælsi einstaklinganna.

Centerpartiet átti fyrrum samstarf við Sósíaldemókrataflokkinn en árið 1976 myndaði formaður hans, Thorbjörn Fälldin, ríkisstjórn með borgaraflokkunum, hina fyrstu í fjóra áratugi sem sósíaldemókratar áttu ekki aðild að, og ráðherrar úr Centerpartiet sátu í hægri stjórn Carls Bildts á árunum 1991–1994. Þótt flokkurinn hafi á stundum veitt minnihlutastjórnnum sósíaldemókrata lið á undanförunum árum skipar hann sér á meðal borgaralegra afla í sænskum stjórnsmálum.

Ef marka má skoðanakannanir dalar fylgi Centerpartiet nokkuð í komandi kosningum og gæti þingmönnum hans fækkað um sex til átta.

#### KRISTDEMOKRATERNA



**KRISTDEMOKRATERNA**

**Kristdemokraterna** eða Kristilegir demókratar hlutu 6,32% og 22 þingsæti í kosningunum 2018. Flokkurinn var stofnaður árið 1996. Á undan honum starfaði Kristen demokratisk samling frá 1964. Sá flokkur fékk fyrst þingmenn að loknum þingkosningum 1991 og átti eftir það aðild að hinni borgaralegu ríkisstjórn sem Carl Bildt veitti forstöðu á árunum 1991–1994.

Eins og nafn flokksins bendir til aðhyllast meðlimir hans kristileg gildi og telja rétt að halda þau í heiðri við úrlausn ýmissa fjölskyldu- og samfélagsmálefna. Kristilegir demókratar teljast til borgaralegu fylkingarinnar í sænskum stjórnsmálum. Flokkurinn átti aðild að sameiginlegum vettvangi borgaralegra flokka, Allians för Sverige, fyrir þingkosningarnar 2006 og stóð að ríkisstjórnarsamstarfi borgaraflokkanna að þeim loknum.

Núverandi formaður, **Ebba Busch**, hefur leitt flokkinn frá 2017. Hún hefur gegnt þingmennsku frá 2018.

Skoðanakannanir benda flestar til þess að fylgi flokksins í kosningunum 2022 verði á svipuðu róli og það var 2018.

#### LIBERALERNA



(tidigare Folkpartiet)

**Liberalerna** eða Frjálslyndisflokkurinn var stofnaður árið 2015 í núverandi mynd. Stjórnmalahreyfingar sem fylgdu

frjálslyndisstefnu í efnahagsmálum hafa verið við lýði í Svíþjóð frá því um 1900 og á undan Liberalerna starfaði Folkpartiet frá 1934 til 2015. Liberalerna hlutu 5,49% atkvæða og 20 þingsæti í kosningunum 2018. Núverandi formaður flokksins, **Johan Persson**, tók við því starfi í ár eftir að fyrri formaður hætti skyndilega.

Flokkurinn telst til borgaralegu fylkingarinnar í sænskum stjórnálum og gegndi þar forystuhlutverki fyrir á árum í stjórnarandstöðu við ríkisstjórnir sósíaldemókrata, enda þótt flokkurinn styddi raunar mörg þeirra velferðarmála sem sósíaldemókratar báru fram á valdatíð sinni. Folkpartiet, fyrirrennari núverandi flokks, átti aðild að nokkrum ríkisstjórnnum en eftir að Liberalerna urðu til í núverandi mynd árið 2015 hefur hvorki fylgi flokksins né stjórnálaástandið gefið kost á ríkisstjórnarsetu. Meðal þess sem deilt hefur verið um innan Frjálslyndisflokksins er afstaðan til Svíþjóðardemókratanna. Fyrirverandi flokksformaður, **Nyamko Sabuni**, lýsti þeirri skoðun sinni að ríkisstjórnarsamstarf við Svíþjóðardemókrata gæti komið til mála. Þetta fór illa í suma fylgismenn Frjálslyndisflokksins en núverandi formaður hefur þó ekki útilokað slíkt samstarf.

Skoðanakannanir fyrir komandi þingkosningar hafa verið flokknum óhagstæðar og hafa sumar þeirra bent til þess að hann nái ekki 4% þingþröskuldinum. Þegar á sumarið leið fjölgaði þó vísbendingum um að kjölfylgi Liberalerna verði um 5% og að þingmenn úr hans röðum muni því áfram gegna störfum á sænska þinginu.

#### MILJÖPARTIET DE GRÖNA



**Miljöpartiet de gröna** eða Umhverfisflokkurinn hlaut 4,41% atkvæða og 16 þingsæti í kosningunum 2018. Flokkurinn var

stofnaður árið 1981 en tók á sig núverandi mynd árið 1985. Rætur hans liggja í hreyfingum á 8. og 9. áratug síðustu aldar sem vöktu athygli á umhverfismálum, höfðu nýtingu kjarnorku en vildu stuðla að friði og virðingu fyrir mannréttindum og auka hlut kvenna á stjórnmalasviðinu. Eftir kjarnorkuslysið í Tjernobyl í Úkraínu síðla í apríl 1986 fékk Umhverfisflokkurinn meiri hljómgrunn en hann hafði áður haft og hlaut 5,5% atkvæða og 20 þingsæti í þingkosningum árið 1988. Flokkurinn fékk ekki nægilegt fylgi til að hljóta þingsæti í kosningunum 1991 en náði því marki 1994 og hefur átt fulltrúa á löggjafarþinginu síðan.

Að loknum kosningum 2014 gekk Umhverfisflokkurinn til ríkisstjórnarsamstarfs með Sósíaldemókrötum sem hélt allt það kjörtímabil og fram á haust 2021. Þá urðu þau tíðindi að stjórnarandstöðunni tókst að fá samþykkt fjárlög og voru Svíþjóðardemókratar með í því bandalagi. Fulltrúar Umhverfisflokksins töldu að sumar þeirra ráðstafana sem þar voru gerðar væru svo andstæðar stefnumálum flokksins að honum væri ekki sætt í ríkisstjórn lengur og slitu samstarfinu.

Formenn flokksins eða talsmenn (s. *språkrör*) eru tveir; **Märta Stenevi** og **Per Bolund**.

Fylgiskannanir benda til þess að Umhverfisflokkurinn eigi lítinn hljómgrunn meðal kjósenda um þessar mundir og að svo geti farið að hann hafi sig ekki yfir 4% þingþröskuldinn. Vísbendingar síðustu kannana voru þó í þá átt að Miljöpartiet hafi sótt talsvert í sig veðrið og fái jafnvel nokkru meira kjölfylgi í haust en flokkurinn hafði síðast. Er bent á að þetta geti skýrst af því að kjósendur sem telja heppilegast að vinstri stjórn undir forystu Sósíaldemókrata verði mynduð að loknum kosningum vilji stuðla að þessu með því að fleyta Miljöpartiet yfir þingþröskuldinn.

**Moderaterna**

Flokkurinn hefur starfað undir heitinu Moderata samlingspartiet frá 1969 og kallast **Moderaterna** í daglegu tali. Hann telst til hægri flokka

og á rætur að rekja til eldri stjórnmalahreyfinga á hægri vængnum sem mótuðust fyrst um og upp úr 1900 þegar sænska flokkakerfið var að taka á sig mynd.

Liðsmenn Moderaterna hafa jafnan hneigst fremur til íhaldsstefnu en frjálslyndisstefnu. Flokkurinn hefur lagt áherslu á fjölskylduna sem hornstein samfélagsins, ábyrgð einstaklinganna á velferð sinni, sparnað, einkaeignarrétt og aðhaldssemi í fjármálum og hann vill sporna við háum sköttum og útpenslu hins opinbera. Moderaterna sækir fylgi sitt einkum til stærri borga og bæja og höfðar fremur til karla en kvenna.

Moderaterna hefur lengi verið móðurskip sænskra íhaldsmanna og flokkurinn hefur verið leiðandi í nokkrum hægri-samsteypustjórnnum. Carl Bildt, þáverandi formaður flokksins, varð forsætisráðherra í slíkri stjórn haustið 1991 og hafði það þá ekki gerst síðan 1930 að íhaldsmaður gegndi því embætti. Árið 2006 vegnaði Moderaterna vel í kosningum er flokkurinn hlaut 24,3% atkvæða og varð þá formaður hans, Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra. Enn bætti flokkurinn við sig fylgi í kosningum 2010 þegar hann fékk 30,06% atkvæða sem tryggði framhaldslíf hægri stjórnarinnar og áframhaldandi setu Reinfeldts á forsætisráðherrastóli til ársins 2014.

Moderaterna hlutu 19,84% atkvæða og 70 þingsæti í þingkosningunum 2018 og máttu þá sjá á bak 14 þingsætum. Framan af kosningabaráttunni var flokknum spáð nokkurri fylgisaukningu í kosningunum í haust en þegar á sumarið leið fjölgaði vísbendingum um hið gagnstæða og virðist svo sem hluti þeirra kjósenda sem áður höfðu fylgt Moderaterna að málum hyggist styðja Svíþjóðardemókrata.

## SVERIGES SOCIALDEMOKRATISKA ARBETAREPARTI



ARBETAREPARTIET

**Socialdemokraterna****Socialdemokraterna**, Sósíaldemókrataflokkurinn,

verkamannaflokkur Svíþjóðar, var stofnaður 1889 og er elsti starfandi stjórnmalaflokkur landsins. Hann fékk fyrst kjörinn

fulltrúa á löggjafarþingið árið 1897 og þingflokkur sósíaldemókrata varð til árið 1905.

Sósíaldemókrataflokkurinn hefur verið stærsti stjórnmalaflokkur Svíþjóðar frá því í þingkosningum árið 1921 og mjög áhrifamikill um mótun sænsks samfélags. Má rifja upp í því samhengi að formaður flokksins, Tage Erlander, var forsætisráðherra Svíþjóðar í 23 ár, frá 1946 til 1969. Um langt skeið urðu félagar í verkalyðsfélögum sem tilheyrðu heildarsamtökum launafólks (s. [Landsorganisationen i Sverige](#)) sjálfkrafa félagar í Sósíaldemókrataflokknum en þessi tilhögun var afnumin í ársbyrjun 1991. Sósíaldemókratar leiddu ríkisstjórn Svíþjóðar í fyrsta skipti árið 1920 er Hjalmar Branting, þáverandi flokksleiðtogi, varð forsætisráðherra og frá því á fjórða áratug síðustu aldar hefur Sósíaldemókrataflokkurinn verið burðarás í sænskum stjórnmalum. Mest fylgi hlaut hann í kosningum árið 1940 þegar 54% kjósenda greiddu honum atkvæði sitt.

Sósíaldemókratar hafa farið með ríkisstjórnarvöld í Svíþjóð frá 2014. Fram til hausts 2021 átti Miljöpartiet einnig aðild að stjórninni sem var minnihlutastjórn sem sótti stuðning til [Vänsterpartiet](#). Myndaðar voru á þessu tímabili þrjár ríkisstjórnir undir forsæti Stefans Löfvens, allt minnihlutastjórnir. Stefan Löfven hætti þátttöku í stjórnmalum 30. nóvember 2021 og varð þá [Magdalena Andersson](#) forsætisráðherra og formaður Sósíaldemókrataflokksins. Hún varð fyrst kvenna til að gegna embætti forsætisráðherra í Svíþjóð og er nú sá stjórnmalaleiðtogi þar í landi sem kjósendur hafa mesta tiltrú á. Sósíaldemókrataflokkurinn nýtur um þessar mundir talsvert meira fylgis meðal kvenna en meðal karla.

Sósíaldemókrataflokkurinn hlaut 28,26% atkvæða og 100 þingmenn í kosningunum 2018. Það var minnsta fylgi sem flokkurinn hafði fengið í þingkosningum nokkru sinni, örlítið minna en árið 1911, en þingflokkur Sósíaldemókrata varð engu að síður hinn fjölmennasti á sænska þinginu. Næstir honum komu Moderaterna með 19,84% atkvæða og 70 þingsæti.

Skóðanakannanir benda flestar til þess að hagar Sósíaldemókrataflokkssins vænkist nokkuð í komandi kosningum en ekki benda þær til stórsigurs hans. Gangi spár eftir fjölgar um 8 til 10 þingmenn í þingflokki Sósíaldemókrata.

SVERIGEDEMOKRATERNA



Sverigedemokraterna eða Svíþjóðardemókratar hlutu 17,53% atkvæða og 62 þingmenn í kosningunum 2018. Flokkurinn var stofnaður 1988. Í fyrstu þótti

hann daðra við nýnasisma og kynþáttahyggu og ala á andúð í garð útlendinga og var þá almennt talinn meðal hægri öfgahreyfinga en hefur síðan fjarlægst þær slóðir nokkuð og talsmenn hans orðið hófstiltari í málflutningi. Stefna flokkssins nú einkennist af íhaldssemi í félagsmálum og dálæti á sænsku þjóðerni og flokkurinn er enn ærið gagnrýninn á innflytjendastefnu Svíþjóðar, sem hann telur að veiti allt of mörgum útlendingum tækifæri til dvalar í landinu og til að verða sænskir ríkisborgarar. Svíþjóðardemókratar leggja áherslu á að styrkja löggæslu og réttarkerfið og líta svo á að vísa beri afbrotamönnum af erlendum uppruna úr landi. Þá vill flokkurinn stuðla að aukinni samheldni meðal Svía, m.a. með því að halda þjóðleg gildi í heiðri og efla velferðar- og menntakerfi landsins.

Svíþjóðardemókratar fengu í fyrsta skipti kjörna þingmenn á löggjafarþingið árið 2010 og eru yngsta stjórn málaaflið á þeim vettvangi. Fylgi flokkssins í þingkosningum hefur farið stigvaxandi síðan og í þingkosningunum 2018 urðu Svíþjóðardemókratar þriðji stærsti þingflokkurinn en þá hlaut flokkurinn 17,3% gilda atkvæða og 62 þingsæti enda þótt kjósendum stæði þá til boða klofningsframboðið

**Alternativ för Sverige** sem uppskar aðeins 0,3% atkvæða.

Sænskir stjórn mála flokkar, aðrir en Svíþjóðardemókratar og Miljöpartiet, standa á gömlum merg og reynslan hefur sýnt að möguleikar nýrra flokka á að ná nægilega tryggri fótfestu til að hljóta þingsæti eru takmarkaðir. Árangur Svíþjóðardemókrata hvað þetta varðar er því eftirtektarverður og á sér ekki hliðstæðu í seinni tíð. Gott gengi flokkssins á sér vafalaust margar ólíkar skýringar en m.a. er nefnt að flokkurinn hafi byggt stöðu sína upp á skynsamlegan hátt með því að efla sig á sveitarstjórnarstigunum áður en lagt var í framboð til þings. Einnig er bent á að stór hluti kjósenda flokkssins komi úr röðum launafólks sem á aðild að verkalýðsfélögum og sé það til marks um að Svíþjóðardemókratar nái til kjósenda sem þeir flokkar sem einkum höfðu til verkalýðs hafa misst af eða sagt skilið við.

Hingað til hafa aðrir stjórn mála flokkar hafnað ríkisstjórnarsamstarfi við Svíþjóðardemókrata og flokkurinn hefur fallið utan hinnar rótgrónu tvískiptingar flokkakerfisins. Líkur eru á að þetta kunni að breytast og hafi í rauninni þegar gert það þegar Svíþjóðardemókratar og borgaralegir flokkar á löggjafarþinginu náðu samkomulagi um að afgreiða fjárlög haustið 2021 og sífellt oftar heyrir það sjónarmið úr röðum borgaraflokkanna að ekki eigi lengur að sniðganga Svíþjóðardemókrata.

Formaður flokkssins, **Jimmie Åkesson**, hefur gegnt því hlutverki frá árinu 2005 og enn fremur verið þingmaður frá 2010. Hann er því reyndur á vettvangi stjórn mála.

Staða Svíþjóðardemókrata virðist sterk um þessar mundir, einkum meðal karla, en þeir eru til muna fleiri í kjósendahópi flokkssins en konur. Um 30.000 manns eru félagar í flokknum og hann nýtur víða stuðnings, ekki síst í Suður-Svíþjóð. Skóðanakannanir benda til þess að Svíþjóðardemókratar sækir fremur í sig veðrið eftir því sem nær dregur kosningum og að fylgi þeirra verði yfrið meira en það var í þingkosningunum 2018. Er á það bent af stjórn mála skýrendum að Svíþjóðardemókrötum sé einkar lagið að draga athygli fréttamiðla að flokknum og frambjóðendum hans og þótt sá gaumur sem þeim er gefinn leiði oftlega til upphrópana og neikvæðrar umfjöllunar verði umtalið til að draga athygli kjósenda að flokknum umfram keppinauta hans.





Vänsterpartiet eða Vinstriflokkurinn hlaut 8,0% atkvæða og 27 þingmenn í kosningunum 2018. Núverandi formaður, [Nooshi Dadgostar](#), tók við því hlutverki í

októberlok 2020.

Flokkurinn var stofnaður árið 1917 upp úr innanflokksátökum í Sósíaldemókrataflokknum sem leiddu til þess að róttækum vinstri sinum var vikið úr honum. Á árabílinu 1921–1990 kenndi flokkurinn sig við kommúnisma og lifði og hrærðist í takti við alþjóðahreyfingar kommúnista og þróunina í Sovétríkjunum fram um miðjan 7. áratug síðustu aldar en tók þá að stefna í átt til þess sósíalíska flokks með áherslu á femínisma og umhverfismál sem mun standa sænskum kjósendum til boða í næstu þingkosningum.

Kommúnistaflokkurinn, forveri Vinstriflokksins, sótti fylgi sitt einkum til verkafólks en eftir að flokkurinn gerðist fylginn lýðræðislegum stjórnarháttum og þingræði og tók að sinna umhverfis- og kynjapólitík í meiri mæli hefur hlutdeild opinberra starfsmanna og menntafólks af ýmsu tagi í kjósendahópi flokksins vaxið stórum en hátekjufólk kys hann ekki.

Fylgi Vinstriflokksins í þingkosningum hefur gjarnan verið á milli fimm til sex prósent. Hann vann þó mikinn sigur árið 1998 er hann hlaut 12% atkvæða og útkoma hans í þingkosningunum 2018 var ágæt miðað við fyrra fylgi, 8,0%.

Aldrei hefur setið ráðherra úr Vinstriflokknum í ríkisstjórn Svíþjóðar en flokkurinn var mikilvægur stuðningsflokkur ríkisstjórnar Görans Perssons á árunum 1996–2006, sem aðeins var skipuð ráðherrum úr Sósíaldemókrataflokknum. Líf minnihlutastjórnar Stefans Löfvens á árunum 2014–2018 valt á stuðningi Vinstriflokksins og hið sama átti við um síðari ríkisstjórn hans á árunum 2018–2021.

Fylgiskannanir bentu framan af til þess að fylgi við Vinstriflokkinn myndi aukast nokkuð í komandi þingkosningum en þær sem síðast hafa birst benda flestar til hins gagnstæða og gefa vísbendingar um að kjörfylgi flokksins í haust verði nokkru minna en það var í þingkosningunum 2018.

## Atkvæðagreiðsla um fjárlagafrumvarp og glíman við Svíþjóðar-demókrata

Það hefur tvisvar gerst að fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar væri fellt í sænska þinginu. Þetta gerðist í fyrsta skipti árið 2014 þegar ríkisstjórn Sósíaldemókrata var nýtekin við völdum og öðru sinni haustið 2021 þegar Magdalena Andersson var nýtekin við embætti forsætisráðherra. Í bæði skiptin komu Svíþjóðardemókratar mjög við sögu.

Fram til 2014 hafði ríkt sú venja við framlagningu fjárlagafrumvarpa og atkvæðagreiðslu um þau að þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu einungis atkvæði með fjárlagafrumvarpi sem flokkur þeirra hafði lagt fram og sátu hjá við atkvæðagreiðslu um frumvarp ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórn, þótt minnihlutastjórn væri, hafði því ávallt getað fengið fjárlagafrumvarp sitt samþykkt í þinginu. Í desemberbyrjun 2014 varð breyting á þessu er þingmenn Svíþjóðardemókrata studdu fjárlagafrumvarp stjórnarandstöðunnar, hægri- og miðjuflokkanna, sem höfðu gert með sér bandalag. En þessi liðveisla Svíþjóðardemókrata var fjarri því að vera bandalagsflokkunum kærkomin eins og á stóð þar sem allir flokkar á sænska þinginu áttu það sameiginlegt að vilja girða fyrir áhrif þeirra.

Boðað var til kosninga í mars 2015 en í stað þess að þær yrðu haldnar gerðu aðrir þingflokkar en Svíþjóðardemókratar samkomulag um að sá flokksformaður sem hlýti mestan stuðning í embætti forsætisráðherra fengi að mynda stjórn, þótt ekki gæti það orðið meirihlutastjórn, og að fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar, þótt minnihlutastjórn væri, næði fram að ganga.

Þetta samkomulag, sem fékk heitið „desembersamkomulagið“, varð til þess að úr stjórnarkreppunni raknaði og ríkisstjórn Sósíaldemókrataflokksins og Umhverfisflokksins undir forsæti Stefans Löfvens

starfaði til loka kjörtímabilsins. Það var einnig markmið með samkomulaginu að útiloka Svíþjóðardemókrata frá áhrifum, hvort sem væri í stjórn eða stjórnarandstöðu, og viðhalda gamalgróinni tvískiptingu sænska flokkakerfisins í blokkir borgaralegra flokka og sósíalískra. Það kom þó ekki í veg fyrir að fylgi við Svíþjóðardemókrata héldi áfram að aukast.

Haustið 2021 var ekkert samkomulag í gildi um að fjárlagafrumvarp minnihlutastjórnar yrði að lögum og þá fór svo að fjárlagafrumvarp stjórnarandstöðuflokkanna var samþykkt með stuðningi Svíþjóðardemókrata. Að þessu sinni leiddi afstaða Svíþjóðardemókrata ekki til ráðstafana til að útiloka flokkinn frá áhrifum eins og gerst hafði 2014 og telja margir stjórnsmálaskýrendur það til marks um að eyðimerkurgöngu flokksins í þinginu sé lokið og hann verði talinn sjálfsgæður samstarfsflokkur á hægri vængnum að loknum kosningum.

## Fráfarandi ríkisstjórn Svíþjóðar

Eftir þingkosningar í Svíþjóð 9. september 2018 hugðist samsteypustjórn Sósíaldemókrataflokksins og Umhverfislögreglu, sem hafði verið mynduð að loknum kosningum haustið 2014, halda áfram. Sá háttur hefur verið hafður á við stjórnarmyndun í Svíþjóð frá því að stjórnlögmál ríkisins var breytt árið 2010, að þingið tilnefni væntanlegan forsætisráðherra sem myndar síðan stjórnina.<sup>4</sup> Forseti þingsins gerði tillögu um að sósíaldemókratinn Stefan Löfven leiddi stjórnina sem fyrr en meiri hluti þingmanna var þessu ósamþykktur þegar til atkvæðagreiðslu kom. Þegar liðnir voru 134 dagar frá atkvæðagreiðslunni sættist þó meiri hluti þingmanna á að Stefan Löfven sæti áfram sem forsætisráðherra, enda hafði ekki tekist að ná samkomulagi um aðra kosti, og ný ríkisstjórn, annað ráðuneyti Stefans Löfvens, tók við völdum 21. janúar 2019.

Hinn 21. júní 2021 greiddu þingmenn á sænska lögjafarþinginu atkvæði um tillögu um vantraust á forsætisráðherra sem Svíþjóðardemókratarnir höfðu lagt fram og var hún samþykkt.<sup>5</sup> Hafði það ekki gerst áður í Svíþjóð að þingið samþykkti vantraust á forsætisráðherra. Ríkisstjórnin fór vitaskuld frá og starfsstjórn tók við en 9. júlí tókst Löfven að mynda sína þriðju ríkisstjórn sem var við völd til 30. nóvember 2021. Þá lét Stefan Löfven af embætti forsætisráðherra, að eigin ósk, og hvarf af vettvangi stjórnsmálanna.

Arftaki Löfvens, Magdalena Andersson, núverandi formaður sænskra sósíaldemókrata, hefur gegnt embætti forsætisráðherra frá brotthvarfi Löfvens. Auk hennar eru 22 ráðherrar í fráfarandi ríkisstjórn Svíþjóðar sem er minnihlutastjórn sem eingöngu er skipuð sósíaldemókrötum eftir að Umhverfislögreglurinn sleit samstarfinu um það leyti sem Magdalena Andersson tók við embætti forsætisráðherra Svíþjóðar.

Upphaf forsætisráðherratiðar Magdalenu Andersson var nokkuð sviptingasamt og einkenndist af því hversu litlu munar á styrk fylkinga í sænskum stjórnsmálum. Einungis nokkrum klukkustundum eftir að þingið kaus hana í embætti forsætisráðherra 24. nóvember 2021 sagði Magdalena Andersson af sér í ljósi þess að þingið hafði fellt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Stefan Löfven tók þá aftur við forsætisráðherraembættinu í starfsstjórn sem sat þar til leyst hafði verið úr stjórnarkreppunni. Magdalena Andersson varð forsætisráðherra á ný 30. nóvember en varð að láta sér það lynda að stjórnarandstæðingar á þinginu legðu fram fjárlagafrumvarp sem hlaut samþykki. Ríkisstjórn hennar hefur því mátt sæta því að

<sup>4</sup> Fyrirkomulagið í Svíþjóð er afbrigði af neikvæðu þingræði (e. *negative parliamentarism*) sem felur það í sér að þingið tekur afstöðu til þess í atkvæðagreiðslu áður en stjórnarmyndun fer fram hvort meiri hluti þingmanna sætti sig við að sá einstaklingur sem þingforseti hefur tilnefnt fái tækifæri til stjórnarmyndunar. Þingið lýsir hins vegar ekki yfir stuðningi við ríkisstjórn í heild þegar hún liggur fyrir og ekki fer fram atkvæðagreiðsla um ríkisstjórn nema fram komi tillaga um vantraust á hana.

<sup>5</sup> <https://www.riksdagen.se/sv/aktuellt/2021/jun/21/riksdagen-riktar-en-misstroendeforklaring-mot-statsminister-stefan-lofven-s/>

fylgja í mörgu stefnu sem mörkuð var af andstæðingum Sósíaldemókrataflokkans á sænska löggjafarþinginu.

Borin var fram tillaga um vantraust á Morgan Johansson dómsmála- og innanríkisráðherra og greidd um hana atkvæði 7. júní 2022. Tillagan var felld með eins atkvæðis mun<sup>6</sup> og eru þau úrslit og raunar allur ferill ríkisstjórnar Svíþjóðar á síðasta kjörtímabili til marks um þá þröngu stöðu sem hún var einatt í. Harla róstudamt var á vettvangi sænskra stjórn mála á kjörtímabilinu og horfinn stöðugleikinn sem um langt skeið einkenndi sænskt stjórnarfar. Kosningarnar í haust munu að einhverju leyti snúast um tilraunir til að endurheimta hann.

## Kosningamálin

Sænska fyrirtækið **NOVUS** gerir reglulega kannanir á fylgi stjórn málahreyfinga í Svíþjóð og grennslast enn fremur fyrir um það hvaða málefni það eru sem einkum brenna á kjósendum.

Ljóst er að innrás Rússa í Úkraínu hefur haft umtalsverð áhrif á það hvaða málefni kjósendur telja mikilvægust og birtist þetta einkum í því að öryggis- og varnarmál ásamt orkumálum njóta mun meiri athygli sænskra kjósenda eftir að innrásarstríð Rússa hófst heldur en þau gerðu fyrir. Ekki þarf heldur að fara í grafgötur með að Úkraínustríðið hefur breytt afstöðu margra Svía til öryggis- og varnarmála sem best sést af því að í árbyrjun 2022 var aðild Svíþjóðar að NATO ekki á dagskrá en 18. maí sótti Svíþjóð um aðild að bandalaginu og sýndu skoðanakannanir að meirihlutastuðningur væri við umsóknina meðal almennings.

En þótt öryggis- og varnarmál og orkumál vegi þyngra í hugum sænskra kjósenda nú en þessir málaflókkar gerðu fyrir nokkrum mánuðum eru þeir alls ekki mikilvægastir þegar á heildina er litið. Flestir Svíar setja heilbrigðismál í fyrsta sæti þegar þeir eru beðnir um að nefna mikilvægasta málaflókkinn og þar á eftir kemur löggæsla og öryggi borgaranna. Skóla- og menntamál eru einnig mikilvæg þegar Svíar gera það upp við sig hvaða stjórn málahreyfingu þeir muni styðja í komandi þingkosningum og sama er að segja um innflytjendamál, umhverfismál, öldrunarmál, skattamál, lífeyriskerfið og almenn efnahagsmál.

Kosningamálin eru kunnugleg og hafa verið til umfjöllunar margoft áður í aðdraganda kosninga. Eigi að nefna málaflókk sem nýtur meiri athygli nú en endranær og gæti ráðið úrslitum hjá fleiri kjósendum en verið hefur eru það orkumálin. Raforkuverð hefur hækkað verulega að undanfögnu, einkum í suðurhluta Svíþjóðar, og valda því hækkun á jarðefnaeldsneyti, ekki síst jarðgasi, sem til eru komnar vegna Úkraínustríðsins. Hefur þeirri skoðun vaxið fylgi meðal Svía að rétt sé að bregðast við stöðunni með því að auka nýtingu kjarnorku á ný og reisa ný kjarnorkuver í stað þeirra sem nálgast nú endimörk líftíma síns, en það á við um stóran hluta þeirra tíu kjarnakljúfa sem nú eru starfræktir. Að sama skapi dregur úr fylgi við flokka sem boða að notkun kjarnorku skuli hætt, sérstaklega Miljöpartiet de gröna sem gæti átt það á hættu að ná ekki yfir 4% þingþröskuldinn.

Annað málefni sem stjórn málaaskýrendur telja margir að muni vega þungt þegar sænskir kjósendur gera upp hug sinn eru löggæslumál og öryggi borgaranna. Gróf ofbeldisverk, morð og skotárásir sums staðar í Svíþjóð vekja óhug almennings og veikja tiltrú fólks á öryggismálum nærsamfélagsins. Þar sem Sósíaldemókratar hafa verið lengi við völd eru þeir kallaðir til ábyrgðar vegna þess sem margir telja óheillaþróun í löggæslu- og öryggismálum. Gæti þessi málaflókkur kostað þá fylgi sem að líkindum leitar þá til Moderaterna eða Svíþjóðardemókrata en báðir þessir flokkar boða aukna löggæslu og eftirlit með innflutningi skotvopna og vopnaeign.

<sup>6</sup> <https://www.riksdagen.se/sv/aktuellt/2022/jun/7/ingen-misstroendeforklaring-mot-justitie--och-inrikesminister-morgan-johansson-s/>

## Vefsíður og annað ítarefni

Mandatfordelning Regler och räkneexempel för val till riksdagen, Europaparlamentet, region- och kommunfullmäktige.

Statistikmyndigheten. Hundra år av svensk demokrati – partiernas toppar och dalar.

Väljarbarometern – Skoðanakannanir um fylgi sænskra stjórnmalaflokka á vegum sænska ríkissjónvarpsins.

Vallag (2005:837). – Kosningalög Svíþjóðar.

Valmyndigheten. – Kosningastofnun Svíþjóðar.

Kristján Sveinsson, [kristjans@althingi.is](mailto:kristjans@althingi.is)